

23. apríl 2013

## Tólf starfsmenn heiðraðir á ársfundi Landspítala 2013



### [Helga Rósa Hansdóttir](#), sjúkraliði á vökudeild á kvenna- og barnasviði

Helga hefur starfað sem sjúkraliði á vökudeild í 25 ár samfelld. Hún sinnir störfum sínum af fagmennsku og öryggi og ber mikla umhyggju fyrir nýburum og foreldrum þeirra. Hún hefur tekið þátt í mörgum mikilvægum verkefnum framþróunar og stýrir meðal annars hjúkrunarvörulager deildarinnar með öflugrum hætti. Helga er vel liðin af öllum, hún veitir trausta leiðsögn og er góð fyrirmynd í starfi. Helga er sá starfsmaður sem foreldrar barnanna muna lengst eftir.